

Bryndís Zoëga,
Guðný Zoëga

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Kolugljúfur



Bygðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2017/178

Forsíðumynd: Kerlingin í Kolugljúfri



© Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2017/178

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	2
AÐFERÐARFRÆÐI	3
KOLUGIL-SÖGUÁGRIP.....	5
BAKKI (BAKKAKOT)-SÖGUÁGRIP	6
FORNLEIFASKRÁNING.....	7
SAMANTEKT	9
HEIMILDASKRÁ.....	10

Inngangur

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga skráði fornleifar vegna deiliskipulagsgerðar við Kolugljúfur í Víðidal að beiðni umhverfisstjóra Húnaþings vestra.

Skipulagssvæðið er um 9,2 ha að stærð og liggur beggja vegna Kolugljúfurs í landi Bakka að vestan og Kolugils að austan.

Í skipulagslýsingu segir að markmið með skipulaginu sé „að bæta aðgengi, upplýsingar, öryggi og umferð um skipulagssvæðið.“ Innan skipulagssvæðis er nú lautarbekkur, ruslakassi og upplýsingaskilti en fyrirhuguð er uppbygging þar sem á að reisa þjónustu- og salernishús, útsýnispalla, göngubrýr, stíga, skilti og önnur tilheyrandi mannvirki auk þess sem skipulagt verður bílastæði.¹

Vettvangsvinna fór fram 29. mars 2017 og var unnin af Bryndísi og Guðnýju Zoëga.

Heimildamönnum og landeigendum þökkum við veitta aðstoð.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 1861.

¹ Deiliskipulag fyrir kolugljúfur í Húnaþingi, 3.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.

Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. g. laga nr. 80 frá 29. júní 2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.”

3. gr.

Fornminjar.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. [...] Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

6. gr.

Rannsóknir á fornleifum.

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga

úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.²

Enn fremur um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda í 16. gr.:

„Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum. Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.² “

Að lokum er rétt er að vekja sérstaka athygli á ákvæðum laganna um áður ókunnar minjar, en í annarri málsgrein 24. gr. segir:

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðarfræði

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi,

² Heimasíða Alþingis.

þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer, t.d. fær Koluketill í Kolugili númerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer (Bakki-1861-1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við mögulega hættu af völdum fyrirliggjandi framkvæmda á deiliskipulagssvæðinu.

Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Kolugil-söguágrip

Kolugils er fyrst getið í máldögum Pétur Nikulássonar biskups á Hólum frá 1394 og er jörðin þá komin í eigu Víðidalstungukirkju. Í máldaga kirkjunnar segir að kirkjubóndi eigi að taka lýsis-, heytolla og tíund af Kolugili eins og öðrum kirkjujörðum.³ Í máldaga kirkjunnar frá 1461 stendur að húsfrú Sólveig Þorleifsdóttir gefið kirkjunni jarðirnar Kolugil, Hávarðsstaði og Hrafnstaði til fullrar eignar.⁴ Sólveig er enn að sýsla með jörðina 1479 en þá gefur hún syni sínum Jóni Sigmundssyni Víðidalstungu í Víðidal með kirkjujörðum þar í dalnum, þar á meðal Kolugil. Fær hún í staðinn frá Jóni jörðina Flatatungu í Skagafirði.⁵ Kolugil var að fornu 16 hundruð⁶ en með nýju jarðamati 1861 var það hækkað í 19,3 hundruð.⁷ Í jarðabók frá 1706 segir „Munnmæli eru að í þessarar jarðar landi hafi til forna gerði verið, kallað Njálstaðir. Enginn veit rök til þess og engin sjást til þess líkindi.“⁸ Í þætti um eyðibýli í Húnaþingi segir að Njálstaðir muni hafa verið nyrst í túninu á Hrappstöðum (Hrafnstöðum) þar sem síðar stóðu fjárhús Hrappstaðabænda⁹ (bls. 320).

Bærinn dregur nafn sitt af Kolugljúfri eða Kolugili sem er nokkuð niður frá bænum. Eftir því rennur Víðidalsá.¹⁰

³ Íslenzkt fornbréfasafn III, 539.

⁴ Íslenzkt fornbréfasafn V, 349.

⁵ Íslenzkt fornbréfasafn VI, 191.

⁶ J. Johnsen, 231; Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 235.

⁷ Ný jarðabók 1861, 94.

⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 236.

⁹ Húnaþing III, 320.

¹⁰ Örnefnaskrá Kolugils, 1.

Bakki (Bakkakot)-söguágrip

Jörðin kemur fyrst fyrir í jarðakaupabréfi frá 1385 þar nefnd Litlibakki.¹¹ Í jarðabók frá 1706 segir að býlið hafi verið „Byggt úr gamalli auðn fyrir meir en 30 árum, á fornum bólstað, en áður hafði hér sel verið frá Víðidalstungu.“ Þar segir einnig að munnmæli geti þar um kirkju.¹² Jörðin er komin í eigu Víðitalstungukirkju árið 1394, og er í máldaga nefnd Bakkahlíð¹³ og tók kirkjubóndi af henni lýsis-, heytolla og tíund eins og öðrum kirkjujörðum.¹⁴

Í jarðatali frá 1847 er Bakkakot sagt hjáleiga frá Víðitalstungu og er jarðardýrleiki metinn með heimajörðinni ásamt þremur öðrum hjáleigum á 60 hundruð.¹⁵ Í nýrri jarðabók 1861 er Víðidalstunga sögð 40 hundruð með hjáleigum að fornu en með nýju mati færð í 104,2 hundruð og þar af er Bakkakot metið 7,34 hundruð.¹⁶

¹¹ Íslenzkt fornbréfasafn III, 383.

¹² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 231.

¹³ Þarna er mögulega um misritun að ræða. Í máldaga 1394 (III, 539) er ritað „Suðlustodum. Bakkahlid.“ en í máldaga 1461 „suolustodum. backa. hlid.“ (V, 348). Það virðist því vera að jörðunum Bakka og Hlíð hafi verið skeytt saman í eldri máldaga en Bakki, Litlahlíð og Stórahlíð voru allar hjáleigur frá Víðidalstungu (J. Johnsen, 231).

¹⁴ Íslenzkt fornbréfasafn III, 539.

¹⁵ J. Johnsen, 231.

¹⁶ Ný jarðabók 1861, 94.

Fornleifaskráning

Bakki-1

Sérheiti: Koluketill, Kolupottur

Hlutverk: Þjóðtrú

Tegund: Ketill

Staðhættir

Í vesturbarmi Kolugljúfurs beint neðan við brúna er hringlaga ketill sem nefnist Koluketill eða Kolupottur.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kolugils segir: „Í gílinu átti að sjást svokölluð Kerling og Kolorúm, en hvort tveggja er nú ógreinilegt vegna grjóthruns.“ (Örnefnaskrá Kolugils, 1). Í örnefnaskrá Bakka (Bakkakots) segir „Rétt fyrir ofan Kolufossinn (sjá Kolugil) er lítill ketill í syðri (vestur-) barmi gljúfranna, nefnt Kolupottur, og litlu neðar lítill bás eða bekkur, nefnt Kolorúm.“ (Örnefnaskrá Bakka (Bakkakots), 1).



Mynd 1. Kolorúm er hægra megin í gílinu fyrir miðri mynd og Brikurnar ofan og vinstra megin við lautina (rúmið). Horft er upp eftir Kolugili til suðvesturs.

Bakki-2

Sérheiti: Kolurúm, Kolusæng

Hlutverk: Þjóðtrú, tröllabústaður

Tegund: Laut

Staðhættir

Kolurúm er í Kolugili vestanverðu, rúmlega 130m neðan og nnv brúarinnar yfir gilið. Kolurúm er grasi gróin laut sem er afmörkuð af klettabríkum til austurs sem nefndar eru Bríkur og er skarð á milli þeirra. Til vesturs afmarkast lautin af gróinni brekku og gilbrúninni. Neðan við Kolurúm eru þverhníptir klettar upp frá Víðidalsá sem rennur eftir gilbotninum.

Lýsing

Samkvæmt þjóðsögunni mun tröllskessan Kola hafa teygt sig niður í ána á milli Bríkanna til að ná sér í fisk í morgunmat (sjá þjóðsögur í viðauka).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kolugils segir: „Í gilinu átti að sjást svokölluð Kerling og Kolurúm, en hvort tveggja er nú ógreinilegt vegna grjóthruns.“ (Örnefnaskrá Kolugils, 1). Í örnefnaskrá Bakka (Bakkakots) segir „Rétt fyrir ofan Kolufossinn (sjá Kolugil) er lítill ketill í syðri (vestur-) barmi gljúfranna, nefnt Kolupottur, og litlu neðar lítill bás eða bekkur, nefnt Kolurúm.“ (Örnefnaskrá Bakka (Bakkakots), 1).

Bakki-3

Sérheiti: Kerling

Hlutverk: Þjóðtrú, tröll

Tegund: Klettur

Staðhættir

Kerling heitir hár klettadrangur í vestanverðu Kolugili, beint upp af Kolufossi. Samkvæmt heimildamanni mátti áður greina í honum andlit en kerlingin sést ekki lengur þar sem hrunið hefur úr klettinum (Munnl. heimild: Dagný Sigurlaug Ragnarsdóttir 29.03.17).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kolugils segir: „Í gilinu átti að sjást svokölluð Kerling og Kolurúm, en hvort tveggja er nú ógreinilegt vegna grjóthruns.“ (Örnefnaskrá Kolugils, 1).

Samantekt

Engar manngerðar minjar eru innan skráningarsvæðisins en nokkur örnefni tengd þjóðsögunni af tröllkonunni Kolu eru í gljúfrinu að vestanverðu í landi Bakka. Minjarnar sem skráðar voru eru Kolurúm (1861-2) (einnig nefnt Kolusæng, Tröllkonurúm), Koluketill (1861-3) (Kolupottur) og Kerling (1861-1). Þær eru ekki taldar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást a yfirboði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minja geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Húnaþing III. Ritnefnd Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. (1989). Húnavatnssýsla: Búnaðarsamband Austur Húnavetninga.

Íslenskt Fornbréfasafn III 1269-1415. (1896). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenskt Fornbréfasafn V 1330-1476. (1899-1902). Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenskt Fornbréfasafn VI 1245-1491. (1900-1904). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. 3. bindi. Safnað hefur Jón Árnason. (1954-1961). Reykjavík: Þjóðsaga.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. (1847). Kaupmannahöfn: J. Johnsen.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. (1861). Kaupmannahöfn: Jarðabókaútgáfan.

Óútgefnar heimildir

Kolugil. (1980). Sigríður Jóhannsdóttir skráði. Reykjavík: Örnefnastofnun.

Heimasíður

Heimasíða Alþingis. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 19.03.17.

Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf. Skoðað 19.03.2017.

Deiliskipulag fyrir Kolugljúfur í Húnaþingi. (2016). Teiknistofa Norðurlands vestra. Sótt af <https://www.hunathing.is/static/files/tilkynningar/kolugljufur-skipulagslysing-2016-12-01.pdf>. Skoðað 19.03.17.

Heimildamenn:

Dagný Sigurlaug Ragnarsdóttir, Bakka.

Ingveldur Linda Gestsdóttir, Kolugili.

Malin M. Persson, Syðra-Kolugili.

Þjóðsagan um Kolu úr Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar 3. bindi.

Kola í Kolugili

“Kolugil heitir bær einn framarlega í Víðidal fyrir austan Víðidalsá. Þar bjó tröllkona ein sem Kola hét og dró bærinn nafn af henni.

Fyrir neðan bæinn er dimmt og djúpt gil að Víðidalsá og foss einn í gljúfrinu svo hár að enginn lax fer yfir hann og því er engin veiði framar í ánni en í kerinu undir fossinum.

Gilið er ekki afar breitt þó það muni ófært flestum mönnum nú yfir að stökkva, en fyrir vestan Víðidalsá að vestanverðu í gljúfrunum er enn kallað Kolusæng; það er sylla ein í vestra gljúfrinu nokkuð lægri en gilbrúnin og standa upp háir hamrastallar að framanverðu á syllunni til beggja hliða, en lægð er nokkur í milli hamrastallanna. Þeir stallar segja menn að séu bríkurnar á rúminu, en þar sem syllan er lægst um miðjuna seildist Kola ofan úr rúminu á morgna er hún vaknaði, ofan í kerinu undir fossinum og tók þar laxa og át á fastandi maga.

Skammt frá Kolusæng er hola mikil í bergið að vestan, það er kallaður Koluketill. Átti hún að hafa soðið í honum laxinn sem hún veiddi í kerinu.

Eggert Ólafsson segir að Tröllkonurúm skuli vera fimmtán álna langt og átta álna breitt og má vel vera að það láti nærri, en þó ætla ég það minnst tiltekið.” (bls. 220).


Kolurúm og Koluhóll

Skammt frá bænum að Kolugili eru gljúfur mikil sem kölluð eru Kolugljúfur. Í gljúfrum þessum er sagt að búið hafi í fyrndinni kona ein stórvaxin er Kola hét og sem gljúfrin eru kennd við. Á vesturbakka gljúfranna er graslaut ein sem enn í dag er kölluð Kolurúm, og er sagt að Kola hafi haldið þar til á nóttunni þegar hún vildi sofa. Að framanverðu við lautina eða gljúframegin eru tveir þunnir klettastöplar sem kallaðir eru Bríkur, og skarð í milli, en niður úr skarðinu er standberg ofan í Víðidalsá sem rennur eftir gljúfrunum. Þegar Kola vildi fá sér árbita er sagt hún hafi seilzt niður úr skarðinu ofan í ána eftir laxi. Heima við bæinn að Kolugili er hól einn sem kallaður er Koluhól. Í hól þessum a Kola að vera heygð og hefir oft verið reynt að grafa í hólninn, en ætíð verið hætt við því annaðhvort hefir Víðidalstungukirkja sýnt vera að brenna ellegar Víðidalsá renna upp á eyrnar fyrir sunnan Kolugil og stefna á bæinn. Nú er komin skál ofan í hólninn að mestu kringlótt og er hún tveggja—þriggja álna að þvermáli.

Fylgiskjöl

Hnitaskrá 1861 - Kolugljúfur

Númer	Heiti jarðar	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Hættumat	X	Y
1861-1	Bakki	Koluketill, Kolupottur	þjóðtrú	bolli	engin hætta	426844	537974
1861-2	Bakki	Kolurúm, Kulusæng	þjóðtrú, tröllabústaður	laut	engin hætta	426791	538104
1861-3	Bakki	Kerling	þjóðtrú, tröll	klettur	engin hætta	426838	537997



Deiliskipulag við Kolugljúfur

- Minjar
- Mörk skipulags
- Bílastæði-kantur
- Göngustígar, brýr
- Útsýnispallur



Gögn: Teiknistofa Norðurlands